

**Jarðboranir hf.**

**Ársreikningur 2005**

| <b>Efnisyfirlit</b>                | <b>bls.</b> |
|------------------------------------|-------------|
| Áritun stjórnar og forstjóra ..... | 1           |
| Áritun endurskoðenda .....         | 2           |
| Rekstrarreikningur .....           | 3           |
| Efnahagsreikningur .....           | 4           |
| Yfirlit yfir eigið fé .....        | 5           |
| Sjóðstreymi .....                  | 6           |
| Skýringar og sundurliðanir .....   | 7-24        |

**Jarðboranir hf.**  
**kt. 590286-1419**  
**Skipholti 50d, Reykjavík.**

## Áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Jarðborana hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins. Ársreikningur samstæðunnar felur í sér ársreikninga Jarðborana hf. og dótturfélaganna, Björgunar, Byggingafélagsins Húss og Iceland Drilling (UK) Ltd.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla en félagið tók staðlana upp í ársbyrjun 2005. Heildaráhrif upptöku alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna (IFRS) á eigið fé samstæðunnar í ársbyrjun 2005 er að bókfært eigið fé lækkar um 23 milljónir eða úr 2.659 milljónum í 2.636 milljónir. Nánar er gerð grein fyrir þessum breytingum í skýringum í ársreikningnum.

Heildarvelta samstæðunnar á árinu var 4.515 milljónir króna og hefur aukist um 16,7% frá árinu áður. Hagnaður ársins nam 634 milljónum króna samanborið við 458 milljónir króna árið áður.

Í september seldu Jarðboranir dótturfélag sitt Einingaverksmiðjuna. Hagnaður af sölnni fyrir skatta nam 90 milljónum króna. Rekstur Einingaverksmiðjunnar er meðtalin í rekstri samstæðunnar til söludags. Stjórnendur félagsins líta svo á að ekki sé um að ræða aflagða starfsemi og því eru áhrif af sölu Einingaverksmiðjunnar ekki sérgreind í rekstrarreikningi.

Stjórnin leggur til að greiddar verði 1.000 milljónir króna í arð af hlutafé en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Hluthafar Jarðborana hf. voru 617 í lok tímabilsins en voru 612 í ársbyrjun 2005. Tveir hluthafar áttu meira en 10% af hlutafé félagsins en það eru Atorka Group hf. (56,25%) og Orkuveita Reykjavíkur (12,98%).

Stjórn Jarðborana hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005.

Reykjavík 20. febrúar 2006

Stjórn Jarðborana hf.

Guðmundur Þóroddsson

Hrafn Magnússon

Magnús Jónsson

Þorsteinn Vilhelmsson

Forstjóri

Bent S. Einarsson

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar og hluthafa Jarðborana hf

Við höfum endurskoðað ársreikning Jarðborana hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning móðurfélagsins og dótturfélaga þess og greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, sjóðstreymi og skýringar nr. 1. – 23. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Reykjavík, 20. febrúar 2006

### PricewaterhouseCoopers hf.

Sighvatur Halldórsson      Þórir Ólafsson

## Rekstrarreikningur samstæðu

|  | Skýringar | 2005             | 2004             |
|--|-----------|------------------|------------------|
| Sala .....                                   | 6         | 4.515.351        | 3.870.535        |
| Framkvæmdakostnaður .....                    |           | <u>3.228.283</u> | <u>2.807.917</u> |
| <b>Framlegð</b>                              |           | 1.287.068        | 1.062.618        |
| Stjórnunar- og annar rekstrarkostnaður ..... |           | 343.843          | 328.321          |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                      |           | 943.226          | 734.297          |
| Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur .....   | 22        | (229.166)        | (176.680)        |
| Hagnaður af sölu dótturfélags .....          |           | 90.158           | 0                |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>                 |           | 804.217          | 557.617          |
| Tekjuskattur .....                           | 19        | (170.224)        | (99.177)         |
| <b>Hagnaður ársins</b>                       |           | <u>633.993</u>   | <u>458.440</u>   |
| Hagnaður á hlut (í krónum) .....             | 7         | 1,61             | 1,15             |
| Þynntur hagnaður á hlut (í krónum) .....     | 7         | 1,59             | 1,14             |

Skýringar á bls. 7-24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Efnahagsreikningur samstæðu

| EIGNIR   | Skýringar | 2005             | 2004             |
|--|-----------|------------------|------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                            |           |                  |                  |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....               | 8         | 2.677.440        | 2.996.649        |
| Viðskiptavild .....                              | 9         | 1.455.233        | 1.462.233        |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....               | 10        | 72.872           | 63.747           |
|  |           | <u>4.205.545</u> | <u>4.522.629</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                            |           |                  |                  |
| Vörubirgðir .....                                | 11        | 412.000          | 278.750          |
| Verksamningar í vinnslu .....                    |           | 60.000           | 52.273           |
| Lóða- og byggingaframkvæmdir .....               | 12        | 374.246          | 331.860          |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....   | 13        | 1.625.484        | 1.855.820        |
| Afleiðufjármálagerningar .....                   | 14        | 3.959            | 0                |
| Handbært fé .....                                | 15        | 1.770.408        | 276.312          |
|  |           | <u>4.246.097</u> | <u>2.795.016</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                            |           | <u>8.451.642</u> | <u>7.317.645</u> |
| <b>EIGIÐ FÉ</b>                                  |           |                  |                  |
| Hlutafé .....                                    | 16        | 390.251          | 397.529          |
| Varasjóðir .....                                 |           | 904.725          | 1.071.751        |
| Óráðstafað eigið fé .....                        |           | 1.698.243        | 1.167.217        |
|  |           | <u>2.993.219</u> | <u>2.636.497</u> |
| <b>SKULDIR</b>                                   |           |                  |                  |
| <b>Langtímaskuldir</b>                           |           |                  |                  |
| Lántökur .....                                   | 17        | 3.691.094        | 2.180.339        |
| Frestaður tekjuskattur .....                     | 18        | 493.657          | 406.744          |
| Reiknaðar skuldbindingar .....                   |           | 24.800           | 33.600           |
|  |           | <u>4.209.551</u> | <u>2.620.683</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |           |                  |                  |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... |           | 915.084          | 632.881          |
| Tekjuskattur .....                               |           | 38.227           | 5.293            |
| Lántökur .....                                   | 17        | 288.051          | 1.422.292        |
| Afleiðufjármálagerningar .....                   | 14        | 7.511            | 0                |
|  |           | <u>1.248.872</u> | <u>2.060.465</u> |
| <b>Heildarskuldir</b>                            |           | <u>5.458.422</u> | <u>4.681.148</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>               |           | <u>8.451.642</u> | <u>7.317.645</u> |

Skýringar á bls. 7-24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

|                                       | Hlutfé         | Varasjóðir       | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals          |
|---------------------------------------|----------------|------------------|------------------------|------------------|
| <b>Staða pr. 1. janúar 2004</b>       | 397.940        | 1.096.291        | 814.635                | 2.308.866        |
| Keypt eigin hlutabréf .....           | (411)          | (50.810)         | 0                      | (51.221)         |
| Endurmatsreikningur millifærður ..... | 0              | (9.013)          | 9.013                  | 0                |
| Arður .....                           | 0              | 0                | (79.588)               | (79.588)         |
| Tillag í lögbundinn varasjóð .....    | 0              | 35.283           | (35.283)               | 0                |
| Hagnaður ársins .....                 | 0              | 0                | 458.440                | 458.440          |
| <b>Staða 31. desember 2004</b>        | <b>397.529</b> | <b>1.071.751</b> | <b>1.167.217</b>       | <b>2.636.497</b> |
| <br>                                  |                |                  |                        |                  |
| <b>Staða pr. 1. janúar 2005</b>       | 397.529        | 1.071.751        | 1.167.217              | 2.636.497        |
| Keypt eigin hlutabréf .....           | (7.278)        | (167.026)        | 0                      | (174.304)        |
| Arður .....                           | 0              | 0                | (99.399)               | (99.399)         |
| Þýðingarmunur .....                   | 0              | 0                | (3.567)                | (3.567)          |
| Hagnaður ársins .....                 | 0              | 0                | 633.993                | 633.993          |
| <b>Staða 31. desember 2005</b>        | <b>390.251</b> | <b>904.725</b>   | <b>1.698.244</b>       | <b>2.993.219</b> |

Skýringar á bls. 7-24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

## Sjóðstreymi samstæðu

|   | Skýringar | 2005                    | 2004                  |
|---|-----------|-------------------------|-----------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                                   |           |                         |                       |
| Hagnaður ársins .....                                       |           | 633.993                 | 458.440               |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:            |           |                         |                       |
| - Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....                  |           | 86.913                  | 97.069                |
| - Afskriftir .....  |           | 237.234                 | 197.794               |
| - Söluhagnaður dótturfélags .....                           |           | (90.158)                | 0                     |
| - Hagnaður vegna sölu á varanlegum rekstrarfjárumunum ..... |           | (41.835)                | (5.949)               |
| - Aðrir liðir .....   |           | 115.222                 | 34.854                |
| Hreint veltufé frá rekstri                                  |           | <u>941.370</u>          | <u>782.208</u>        |
| <br>Breytingar á hreinu veltufé :                           |           |                         |                       |
| - Birgðir .....   |           | (133.250)               | (72.033)              |
| - Viðskiptakröfur og verk í vinnslu .....                   |           | 180.224                 | (947.874)             |
| - Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....                   |           | 315.137                 | 278.197               |
| Handbært fé frá rekstri                                     |           | <u>1.303.481</u>        | <u>40.498</u>         |
| <br><b>Fjárfestingahreyfingar</b>                           |           |                         |                       |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum .....           |           | (383.156)               | (928.463)             |
| Seldir varanlegir rekstrarfjárumunir .....                  |           | 101.637                 | 20.048                |
| Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum .....              |           | (63.300)                | 2.752                 |
| Selt dótturfélag .....                                      |           | 417.109                 | 0                     |
|   |           | <u>72.291</u>           | <u>(905.663)</u>      |
| <br><b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                           |           |                         |                       |
| Keypt og seld eigin hlutabréf .....                         |           | (174.304)               | (51.221)              |
| Lántökur .....  |           | 1.853.276               | 2.784.746             |
| Afborganir af langtímalánum .....                           |           | (1.433.944)             | (1.683.516)           |
| Greiddur arður til hluthafa móðurfélags .....               |           | (99.399)                | (79.588)              |
|   |           | <u>145.628</u>          | <u>970.421</u>        |
| <br><b>Hækkun handbærs fjár</b>                             |           | 1.521.401               | 105.256               |
| Handbært fé í byrjun árs .....                              |           | 276.312                 | 171.056               |
| Handbært fé dótturfélags við sölu .....                     |           | (27.304)                | 0                     |
| <br><b>Handbært fé í lok ársins</b>                         | 15        | <u><u>1.770.408</u></u> | <u><u>276.312</u></u> |

Skýringar á bls. 7-24 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi Jarðborana hf. og dótturfélaga er nýting auðlinda í jörðu, vinnsla jarðefna, landgerð, mannvirkjagerð og framleiðsla eininga fyrir byggingaiðnað.

Jarðboranir hf. eru með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Skipholti 50d í Reykjavík.

Félagið var skráð á aðallista í Kauphöll Íslands allt árið 2005 en afskráð 30. janúar 2006.

Stjórn félagsins samþykkti ársreikning þennan þann 20. febrúar 2006 til birtingar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur félagsins er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Þeir hafa verið settir fram af alþjóðlega reikningsskilaráðinu og staðfestir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem er gerður samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn, IFRS 1, fjallar um innleiðinguna og eru reikningsskil þessi unnin samkvæmt honum.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af EB víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á nokkrum sviðum sem tengjast starfsemi samstæðunnar:

IFRS-staðall 7, Fjármálagerningar: skýringar. IFRS-staðall 7 setur fram nýjar reglur um framsetningu til þess að bæta upplýsingagjöf um fjármálagerninga. Þar kemur fram að veita skuli upplýsingar um eðli og umfang þeirrar áhættu sem stafar af fjármálagerningum.

Áhrif innleiðingar alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna er að finna í skýringu 5. Þar er að finna breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár, annarra efnahagsliða og afkomu félagsins eins og þær voru birtar áður og hver breytingin er samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, að því undanskildu að afleiðusamningar og skammtímaverðbréf eru færð á gangvirði. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notað sé tiltekið reikningshaldslegt mat. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá mikilvægum matsaðferðum í skýringu nr. 4.

### 2.2 Samstæðureikningsskil

#### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru allar rekstrareiningar þar sem samstæðan hefur vald til að stýra fjárhagslega og móta rekstrarstefnu fyrir en það fylgir að öllu jöfnu hlutfjáreign sem ræður meiru en helmingi atkvæðaréttarins. Tekið er tillit til tilvistar og áhrifa mögulegs atkvæðaréttar, sem unnt er að nýta eða breyta á tímabilinu, við mat á því hvort samstæðan hefur yfirráð yfir annarri rekstrareiningu. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir og óbókfærðar skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hlutar samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins keypta félags, er mismunurinn færður beint í rekstrareikning (sjá skýr. 2.6).

Viðskipti milli félaga, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar eru felld niður. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samkvæmni við þær aðferðir sem samstæðan beitir.

## Skýringar

### 2.3 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfsþáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina ekki eftir landssvæðum og birtir þar af leiðandi ekki slík yfirlit.

### 2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

#### (a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilagjaldmiðill

Liðir sem taldir eru með í reikningsskilum sérhverrar rekstrareiningar samstæðunnar eru metnir í gjaldmiðlum þess efnahagslega umhverfis þar sem rekstrareiningin starfar ("starfrækslugjaldmiðillinn"). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum íslenskra króna, sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

#### (b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok tímabilsins, eru færð í rekstrarreikning.

#### (c) Félög samstæðunnar

Eignir og skuldir eru í sérhverjum reikningsskilum samstæðunnar umreiknaðar á lokagengi og tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi.

### 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Hækkanir á bókfærðum fjárhæðum tækja, lands og bygginga vegna endurmats eru færðar til hækkunar á öðrum varasjóðum meðal eigin fjár. Á hverju ári er mismunur milli afskrifta sem byggðar eru á endurmetinni bókfærðri fjárhæð eignarinnar gjaldfærðar á rekstrarreikning og afskriftir sem byggðar eru á upphaflegu kostnaðarverði eignarinnar færðar af varasjóði á óráðstafað eigið fé.

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði sé dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

|                         |          |
|-------------------------|----------|
| Borar og tæki .....     | 3-20 ár  |
| Skip .....              | 15-20 ár |
| Bífreiðar .....         | 4-10 ár  |
| Fasteignir .....        | 25-50 ár |
| Skrifstofubúnaður ..... | 3-5 ár   |

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurmetin á sérhverjum reikningsskiladegi og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð.

Söluhagnaður og tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Þessar fjárhæðir eru færðar í rekstrarreikningi. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

## Skýringar

### 2.6 Viðskiptavild

Viðskiptavild myndast við kaup á dótturfélögum. Viðskiptavildin er reiknuð sem mismunur á kaupverði á dótturfélagi og gangvirði yfirtekinna eigna. Viðskiptavild er prófuð árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Hún er færð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

### 2.7 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort heldur sem lægra er. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samanstanda af varahlutalager í tækjabúnað samstæðunnar, efnisbirgðum til borframkvæmda, hráefnum til byggingarframkvæmda og rekstrarvörum.

### 2.8 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Verk í vinnslu taka til borframkvæmda. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það gjaldfært strax.

### 2.9 Lóða- og byggingaframkvæmdir

Lóða- og húsbýggingaframkvæmdir eru eignfærðar á kostnaðarverði. Við sölu lóða og húsbýgginga er miðað við áfangaaðferð við innlausn tekna.

### 2.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### 2.11 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár teljast sjóður, óbundnar bankainnistæður og skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma til þriggja mánaða eða skemur.

### 2.12 Eigið fé - hlutafé

Hlutafé er fært á nafnvirði og yfirverð á aðra varasjóði. Hlutafé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutafé að frádregnu nafnverði eigin bréfa.

Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar er sýndur í eigin fé sem frádráttur frá andvirði útgáfunnar. Viðbótarkostnaður sem rekja má beint til útgáfu nýrra hluta eða vilnunar vegna yfirtöku á fyrirtæki er talinn með í kostnaðarverði yfirtökunnar sem hluti af kaupverði.

Ef eitthvert félag innan samstæðunnar kaupir eigið hlutafé félagsins (eigin hlutir) er endurgjaldið sem greitt er að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði, sem rekja má beint til kaupanna dregið frá eigin fé. Ef þessir hlutir eru síðan seldir, endurútgefnir eða ráðstafað á annan hátt, er það endurgjald sem móttakið er fært á eigið fé, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má til viðskiptanna.

### 2.13 Lántaka

Lántaka er færð á gangvirði. Vextir, gengismunur og verðbætur færast í rekstarreikning með því að nota aðferð virkra vaxta.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

## Skýringar

### 2.14 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

### 2.15 Starfskjör

Kaupréttarsamningar voru gerðir við starfsmenn félagsins á þáverandi markaðsgengi hlutabréfanna. Við innlausn þessara hluta færast viðskiptin á meðal eiginfjárreikninga.

Fyrirliggjandi er starfslokasamningur við einn framkvæmdastjóra samstæðunnar og er núvirði hans fært á meðal skuldbindinga.

### 2.16 Innlausn tekna og framkvæmdakostnaður

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður. Tekjur er færðar á eftirfarandi hátt:

(a) Tekjur vegna borverka og annarrar verklegrar þjónustu.

Tekjur af verkframkvæmdum eru innleystar eftir gerðum samningum og framgangi verkframkvæmdanna.

(b) Sala á efni

Sala á efni er tekjufærð við reikningsgerð og afhendingu vörunnar til viðskiptavinar.

(c) Tekjur vegna lóðaframkvæmda

Tekjur vegna lóðaframkvæmda eru innleystar miðað við framkvæmdahraða landgerðar og sölu lóða til byggingaraðila.

(d) Tekjur vegna sölu húsnæðis

Tekjur vegna sölu á húsnæði er innleyst í hlutfalli við gerða sölusamninga og framkvæmdahraða húsbygginga.

(e) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerna sem færðir eru á kostnaðarverði.

(f) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur. Arður frá dótturfélögum er færður til lækkunar á eignarhlut.

(f) Framkvæmdakostnaður

Framkvæmdakostnaður samanstendur af öllum beinum kostnaði við borframkvæmdir, lóðagerð, efnistöku úr sjó, vinnslukostnaði, framleiðslukostnaði, byggingarkostnaði, afskriftum og fleiru.

## Skýringar

### 2.17 Leigusamningar

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og umbunar vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

### 2.18 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

## 3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið gjaldmiðlaáhættu, greiðsluhæfisáhættu og vaxtaáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

### 3.1 Færsla afleiddra fjármálagerninga og áhættuvarnaraðgerðir

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og er endurmetin eftir það á gangvirði þeirra. Afleiður með jákvætt markaðsverð eru færðar til eignar en afleiður með neikvætt markaðsverð eru færðar til skuldar.

Samstæðan hefur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga til að takmarka gengisáhættu sína. Breytingar á gangvirði allra afleiðugerninga eru færðar strax í rekstrarreikning. Samstæðan beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

### 3.2 Mat á gangvirði

Gangvirði fjármálagerninga sem viðskipti eru með á virkum mörkuðum (s.s. afleiður á almennum markaði og verðbréf sem haldið er í viðskiptaskyni eða er haldið til sölu) er byggt á skráðu markaðsverði á dagsetningu efnahagsreiknings.

## 4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitíð er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður.

### 4.1 Mikilvægt reikningshaldslegt mat og forsendur

Samstæðan vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri. Fjallað er um það mat og þær forsendur hér á eftir sem fylgir umtalsverð hættu á að muni valda efnislegri leiðréttingu á bókfærðum fjárhæðum eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs.

## 5. Yfirfærsla í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

### 5.1 Grundvöllur yfirfærslu

#### 5.1.1 Beiting IFRS 1

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2005 eru fyrstu reikningsskil samstæðunnar sem gerð eru til samræmis við IFRS. Þessi ársreikningur eru gerður til samræmis við aðferðir sem lýst er í kafla 2.1 hér að framan. Samstæðan beitti IFRS 1 við gerð þessara ársreikningsskila.

Yfirfærsludagur Jarðborana hf. er 1. janúar 2004. Samstæðan gerði opnunarefnahagsreikning sinn miðað við þann dag. Reikningsskil þessi miðast við 31. desember 2005. Upptökudagur IFRS er 1. janúar 2005.

Við gerð þessara samstæðureikningsskila til samræmis við IFRS 1 ber samstæðunni að meta allar eignir og skuldir afturvirktil til samræmis við IFRS.

## Skýringar

### 5.1.2 Undanþágur sem ber að fylgja

(a) Reikningshaldslegt mat

Reikningshaldslegt mat samkvæmt IFRS miðað við 1. janúar 2004 skal vera til samræmis við það mat sem átti sér stað samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum nema vísbendingar séu um að það mat hafi verið rangt miðað við þær upplýsingar sem til staðar voru þá.

### 5.2 Afstemmingar milli IFRS og fyrri reikningsskilaaðferða

| Afstemming eign fjár                                      | 1/1 2004         | 31/12 2004       |
|---|------------------|------------------|
| Eigið fé (áður birt) .....                                | 2.344.033        | 2.659.095        |
| Breytingar á afskriftum varanlegra rekstrarfjármuna ..... | 0                | 5.249            |
| Breyting á mati varanlegra rekstrarfjármuna .....         | (12.692)         | (12.692)         |
| Breyting á birgðamati .....                               | 11.385           | (9.260)          |
| Breytt mat á viðskiptakröfum .....                        | (10.000)         | (10.000)         |
| Breytt mat á eignarhluta í innlendum félögum .....        | (31.581)         | (856)            |
| Breyting á frestuðum tekjuskatti .....                    | 7.721            | 4.961            |
| <b>Eigið fé samkvæmt nýjum stöðlum ( IFRS)</b>            | <b>2.308.866</b> | <b>2.636.497</b> |

#### 5.2.1 Skýringar á áhrifum innleiðingar IFRS

Heildaráhrif breytinganna eru þau að eigið fé lækkar um kr. 22.598 þúsund. Breytingarnar á eigin fé eru sýndar fyrir frádrátt tekjuskatts.

#### 5.2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir

Líftími og hrakvirði varanlegra rekstrarfjármuna voru endurmetin. Áður færðar afskriftir voru bakfærðar og afskriftir reiknaðar upp á nýtt þar sem hrakvirði rekstrarfjármuna var dregið frá bókfærðu verði og línulegar afskriftir reiknaðar m.t.t. líftíma. Samanlögð áhrif þessar breytinga voru 5.249 þúsund króna lækkun afskrifta ársins 2004. Í tengslum við þetta endurmat þá var gerð leiðrétting á eignamati 1/1 2004 upp á kr. 12.692 þúsund og kom sú upphæð til lækkunar á eigin fé.

#### 5.2.3 Eignarhlutir í öðrum félögum

Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla voru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á gangvirði. Áhrif breytinganna eru kr. 856 þús. til lækkunar á eigin fé í ársbyrjun 2005.

#### 5.2.4 Birgðir

Samkvæmt IAS 2 er matsaðferð birgða breytt þannig að stuðst er við kostnaðarverð eða hreint söluvirði hvort sem lægra reynist. Sökum þessa var bókfært verð varahlutalagers fært niður um kr. 9.260 þús. á árinu 2004.

#### 5.2.5 Viðskiptakröfur

Mati á viðskiptakröfum hefur verið breytt þannig að tillit er tekið til núvirðis þeirra þegar greiðslufrestur krafna er lengri en almennt tíðkast í viðskiptum félagsins.

## Skýringar

### 5.2.6 Afstemming eigin fjár 1. janúar 2004 / Opnunarefnahagsreikningur

#### Efnahagsreikningur 1. janúar 2004

| Eignir                                   | Áður birt        | Breytingar vegna IFRS | IFRS             |
|--|------------------|-----------------------|------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                    |                  |                       |                  |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....       | 2.289.839        | (9.192)               | 2.280.647        |
| Viðskiptavild .....                      | 1.462.233        |                       | 1.462.233        |
| Langtímakostnaður .....                  | 3.500            | (3.500)               | 0                |
| Eignarhlutir í öðrum félögum .....       | 99.938           | (31.581)              | 68.357           |
|  | <u>3.855.510</u> | <u>(44.273)</u>       | <u>3.811.237</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                    |                  |                       |                  |
| Birgðir .....                            | 195.332          | 11.385                | 206.717          |
| Verksamningar í vinnslu .....            | 85.234           |                       | 85.234           |
| Lóða- og byggingaframkvæmdir .....       | 306.770          |                       | 306.770          |
| Verðbréf .....                           | 39.190           | (39.190)              | 0                |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....    | 898.253          | 1.823                 | 900.076          |
| Handbært fé .....                        | 143.689          | 27.367                | 171.056          |
|  | <u>1.668.468</u> | <u>1.385</u>          | <u>1.669.853</u> |
| <b>Eignir samtals</b>                    | <u>5.523.978</u> | <u>(42.888)</u>       | <u>5.481.090</u> |
| <b>Eigið fé</b>                          |                  |                       |                  |
| Hlutfé .....                             | 397.940          |                       | 397.940          |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár .....      | 1.023.179        | (1.023.179)           | 0                |
| Lögbundinn varasjóður .....              | 64.099           | (64.099)              | 0                |
| Endurmatsreikningur .....                | 9.013            | (9.013)               | 0                |
| Aðrir varasjóðir .....                   | 0                | 1.096.291             | 1.096.291        |
| Óráðstafað eigið fé .....                | 849.802          | (35.167)              | 814.635          |
|  | <u>2.344.033</u> | <u>(35.167)</u>       | <u>2.308.866</u> |
| <b>Skuldir</b>                           |                  |                       |                  |
| <b>Langtímaskuldir</b>                   |                  |                       |                  |
| Lántökur .....                           | 1.661.788        |                       | 1.661.788        |
| Frestaðar tekjuskattskuldbindingar ..... | 317.396          | (7.721)               | 309.675          |
| Reiknaðar skuldbindingar .....           | 18.600           |                       | 18.600           |
|  | <u>1.997.784</u> | <u>(7.721)</u>        | <u>1.990.063</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                  |                  |                       |                  |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....  | 341.001          |                       | 341.001          |
| Ógreiddir skattar ársins .....           | 18.975           |                       | 18.975           |
| Lántökur .....                           | 822.184          |                       | 822.184          |
|  | <u>1.182.160</u> | <u>0</u>              | <u>1.182.160</u> |
| <b>Heildarskuldir</b>                    | <u>3.179.944</u> | <u>(7.721)</u>        | <u>3.172.223</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b>       | <u>5.523.978</u> | <u>(42.888)</u>       | <u>5.481.090</u> |

## Skýringar

### 5.2.7 Afstemming eigin fjár 31. desember 2004

#### Efnahagsreikningur 31. desember 2004

| Eignir                                  | Áður birt        | Breytingar vegna IFRS | IFRS             |
